

Aðalfundur Drangeyjar - smábátafélags Skagafjarðar

haldinn á Sauðárkróki 2. október 2017

Ályktanir til 33. aðalfundar LS

1. Aðalfundur Drangeyjar mótmælir háum skoðanagjöldum á smábátum og íþyngjandi álögum ríkis og sveitarfélaga. Skorað er á viðkomandi að endurskoða gjaldskrár sínar þar sem tekið verði mið af erfiðleikum þessa útgerðarhóps í kjölfar lágs fiskverðs og margföldunar á veiðigjaldi.
2. Aðalfundur Drangeyjar leggst alfarið gegn því að opnað verði fyrir dragnótaveiðar á Skagafirði innan núverandi marka. Þá verði um varanlega lokun að ræða.
3. Drangey smábátafélag styður þær hugmyndir sem fram hafa komið á Alþingi að breyta fyrirkomulagi strandveiða þannig að hver bátur fái að veiða allt að 50 daga á hverju strandveiðitímabili og að strandveiðitímabilið verði lengt í a.m.k. 6 mánuði.
4. Aðalfundur Drangeyjar skorar á Fiskistofu að breyta mánaðarlegum útreikningi á gjaldi vegna umframafla á strandveiðum þannig að það miðist við mánaðarlegt meðalverð á afla hvers báts.
5. Aðalfundur LS verði haldinn annað hvert ár, þess í stað verði haldinn formannafundur hitt árið.
6. Drangey hafnar öllum hugmyndum um breytingu á veiðarfæraákvæðum þeim sem í gildi eru innan krókaafلامarkskerfisins.
7. Aðalfundur Drangeyjar ályktar að hægt sé að segja sig frá strandveiðikerfinu hvenær sem er á strandveiðitímabilinu.

